

menningarþrá samkvæmt vottorðum frá sóknarpresti sínum og kennara, enda sjeu þær fæddar, uppaldar og til heimilis í Kjósarhreppi, og sjeu eigi yngri en 16 ára.

Þegar arður sjóðsins nemur meiru en 200 kr. árlega, má hann skiftast meðal fleiri, en til þess tíma má eigi veita nema einni á ári.

Sjóður þessi er stofnaður 15. júní 1917 og skal honum stjórnað af þrem mönnum, sem eru sýslumaður Kjósarsýslu, sóknarprestur Kjósarprestakalls og oddviti Kjósarhrepps, og gjörir stjórnin árlega reikning, er hún birtir á þann hátt, er henni þykir við eiga.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Nýjabæ, 15. júní 1917.

Ragnhildur Brynjólfsdóttir Ólafs. Guðmundur Ólafs.

Reglugjörð

90
5 septbr.

um notkun mjölvöru og um sölu á landssjóðs sykri.

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfuófriðnum, eru sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Hveiti mega bakarar aðeins nota til að baka súrbrauð, franskbrauð, vanalegar tvíbökur, algengar bollur, hart brauð (kringlur og skonruk) og svokallaða snúða. Ekki mega heldur aðrir nota hveiti til baksturs til sölu, annars en þess, er að framan getur. Þó mega kaffihús baka og selja gestum sínum til neyslu á veitingastofunni pönnukökur, jólakökur og sódakökur.

2. gr.

Bannað er að nota rúg og rúgmjöl, hveiti og haframjöl til skepnufóðurs.

3. gr.

Sykur þann, sem landsstjórnin útvegar og selur kaupmönnum eða fjelögum til útsölu til almennings eða fjelagsmanna, mega þeir eða þau aðeins selja út aftur gegn afhendingu sykurseðla og með því verði sem stjórnarráðið hefir

90 ákvæðið. Bæjarstjórn útbýtir sykursæðlum til almennings og setur nánari ákvæði 5. septbr. því viðvikjandi með samþykki stjórnarráðsins.

Sykursæðla þá, sem seljendur sykursins taka á móti, er þeim skylt að geyma og afhenda, þegar krafist er, þeim, sem bæjarstjórn setur til þess að heimta þá inn.

Kaupmenn og kaupfjelög, sem sykurinn selja almenningi eða fjelagsmönnum, mega ekki binda söluna neinum öðrum skilyrðum en þeim, sem á undan greinir.

4. gr.

Brot á móti ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 500 kr., og fer um mál útaf þeim sem um almenn lögreglumál.

5. gr.

Reglugjörð 17. febrúar 1917, um notkun mjölvöru og sölu á landssjóðssykri, og reglugjörð 23. júní 1917, um breyting á nefndri reglugjörð, eru úr gildi feldar.

6. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi fyrir Reykjavíkurkaupstað og Hafnarfjarðarkaupstað. Með auglýsingu getur stjórnarráðið látið reglugjörðina öðlast gildi fyrir aðra kaupstaði og önnur sveitarfjelög, og annast þá sveitarstjórn þau störf, sem bæjarstjórnnum er ætluð.

Þetta birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 5. september 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.